

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi álversins í Straumsvík, nýjar lóðir og breytt skipulagsmörk.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 24. ágúst 2017 breytingu á deiliskipulagi álversins í Straumsvík.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að afmarkaðar eru þrjár nýjar lóðir á athafnasvæði álversins, jafnframt er skipulagsmörkum álversins í Straumsvík breytt þannig að deiliskipulag fyrir gasstöð í Straumsvík er fellt inn í skipulagssvæði álversins. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst 7. september – 19. október 2017. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 30. nóvember 2017.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 15. desember 2017